

Valið úr þúsund verkum

– sýning opnuð í kvöld á verkum úr einkasafni Þorvaldar í Síld og fisk

Í kvöld verður aftur opnuð sýning á myndlistarverkum úr hinu merka einkasafni Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur í Gerðarsafni í Kópavogi. Stendur sýningin til 28. júlí í sumar. Myndlistaráhugamenn minnst þess með ánægju að um aldamótin 2000 sýndi Gerðarsafn verk úr safni þeirra hjóna undir yfirskriftinni Lífshlaup. Sú sýning fékk þrjú góðar umsagnir hjá gagnrýnendum og svo finar undirtektir hjá almenningi að aðsóknarmet varð að safninu.

Á síðastliðnu ári gerðu Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn og Listaverksafn Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur með sér vörslusamning. Í framhaldi af því tók Listasafn Kópavogs til varðveislu öll listaverk sem tilheyra þessu stærsta einkasafni landsins að undanskildum verkunum sem eru í húsakynnum Hótel Holts. Samningnum fylgdi heimild fyrir Listasafn Kópavogs til að nýta allt safnið til sýningar í salarkynnum sínum.

Allt húsið undir

Sýningarstjórnir Guðbjörg Kristjánsdóttir, forstöðumaður Gerðarsafns, og Valgerður Bergsdóttir myndlistarmaður hafa að leiðarljósi á sýningunni að koma sem mestu að. „Við hengjum þétt á veggina eins og venja var í gamla daga,“ segir Guðbjörg, „enda komum við fyrir um það bil fjórðungi verka í safninu eða um 250 listaverkum. Austursalinn höfum við málað gráan og hengt þar meðal annars perlu frumherjanna í íslenskr myndlist. Í vestursal sýnum við teikningar, vatnslita- og kritaarmyndir, allt sem er undir gleri, og þann sal höfum við málað rauðan. Litirnir halda betur utan um verkin en hvítir veggir og sérstaklega njóta teikningarnar sín vel á dekkri grunni. Gylltu rammarnir koma líka vel út. Á neðri hæðinni höfum við svo sett upp stærstu myndirnar, gríðarlega fleka eftir Eirík Smith, Kristján Davíðsson, mikla þorskmyndir eftir Scheving og málverk af grindardrápi eftir færeyska málara Mikines.“

Áherslan á sýningunni er að sýna breiddina í safninu frekar en að láta hana segja ákveðna myndlistarsögu. „Við viljum að fólk fái að uppgötvu einkasafn,“ segir Guðbjörg, „leyfa því að skoða og meta hvað það var sem freistaði hjónanna að kaupa.“

Til dæmis áttu þau hjón gríðarmargar teikn-



Jón Stefánsson: Tindfjallajökull. Um 1940
Ein af perlum íslenskrar myndlistar á sýningunni í Gerðarsafni.

ingar eftir Kjarval og hefur þeim minnstu verið komið fyrir í sýningarborðum í vestursal. „Kjarval var auðvitað manískur teiknari,“ segir Guðbjörg, „hann mátti ekki sjá blaðsnífi án þess að krotta á það eða hripa hjá sér ljóð, hugrenningar eða bréfkorn. Það var skopast að almenningi fyrir að setja þessar smáteikningar í ramma, en ef fólk hefði ekki rammað inn rissin hans væru þau nú glötuð.“

Allir þeir bestu

Þorvaldur Guðmundsson (1911–1998) var einn af mestu athafnamönnum landsins á síðustu öld, brautryðjandi í lagmetisíðnaði, kjötvinnslu og hótél- og veitingarekstri. Ingibjörg Guðmundsdóttir (f. 1908) tók virkan þátt í starfi manns síns og bæði voru miklir fugurkerar. Þorvaldur var ástríðufullur listaverksafnari og í safninu eru alls um 1000 listaverk. Þar á meðal eru málverk og teikningar eftir Jóhannes S. Kjarval auk sjálf Lífshlaupsins, fjórir veggir úr vinnustofu meistarans í Austurstræti 12 með myndum sem hann málaði á þá árið 1933. Vinnustofan var sett

upp á sýningunni árið 1999–2000 eins og menn minnst.

Þá eru í safninu úrvalsverk eftir alla helstu málara okkar Íslendinga frá fyrri hluta síðustu aldar, frumherjanna Þórarín B. Þorláksson, Guðmund Thorsteinsson (Mugg), Einar Jónsson, Ásgrím Jónsson, Jón Stefánsson, Kristínu Jónsdóttur og Júlíönu Sveinsdóttur, og málara af næstu kynslóð, Finn Jónsson, Gunnlaug Scheving, Snorra Arinbjarnar, Gunnlaug Blöndal, Jón Engilberts, Jóhann Briem, Jón Þorleifsson og Svein Þórarinsson. Abstraktkynslóðin á einnig sína fulltrúa. Þeirra á meðal eru Ásmundur Sveinsson, Jón Benediktsson, Nína Tryggvadóttir, Gerður Helgadóttir, Kristján Davíðsson, Þorvaldur Skúlason, Eiríkur Smith og Sverrir Haraldsson. Þá eru í safninu verk eftir ýmsa erlenda listamenn. Á þessari sýningu eru til dæmis fjögur verk eftir tvo færeyska listamenn, S. Joensen Mikines og Ingálvur av Reyni.

Listasafn Kópavogs er opið alla daga nema mánudaga frá 11–17. Safnið verður lokað á hvítasunnudag og annan í hvítasunnu.



Listin meðal fólksins

Á afmælisdegi Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara, 20. maí kl. 17, verður opnuð í Ásmundarsafni við Sigtún sýningin Listin meðal fólksins. Þar verða verk Ásmundar skoðuð út frá þeirri hugsjón hans að myndlistin ætti að vera Yhluti af daglegu umhverfi fólks en ekki lokuð inni á söfnum.

Á sýningunni verður listferill Ásmundar settur í samhengi við samfélagið sem hann bjó og starfaði í. Leitast verður við að varpa ljósi á viðbrögð samfélagsins við list hans, svo sem deilur sem spunnust um einstök verk. Einnig verður ávistar Ásmundar skoðað í alþjóðlegu samhengi og dregin upp fjölbreytt mynd af lífi hans og list. Í tilefni sýningarinnar verður gefin út sýningarskrá með korti sem allar höggmyndir Ásmundar í Reykjavík eru merktar inn á. Í sumar hafa sýningarstjórnir, Hanna Styrmsdóttir og Pétur H. Ármannsson, í hyggju að bjóða upp á sérstakar Ásmundargöngur þar sem gengið verður á milli höggmynda listamannsins og fjallað um verkin og Ásmund.

Sýningin er hluti af dagkrá Listahátíðar í Reykjavík en stendur talsvert lengur en hún eða til ársloka.

Minningartónleikar

„Of margir hafa dáðið og verið grafnir á óþekktum stöðum ... Hvar á að reisa legsteinana? Aðeins tónlistin getur séð um það. Ég er reiðubúinn að skrifa tónverk fyrir hvert og eitt einasta fórnarlamb en það er ógjörningur, þess vegna tileinka ég tónlist mína þeim öllum,“ sagði tónskáldi Dmitri Schostakovitch. Annað kvöld kl. 21 verða Minningartónleikar um fórnarlömb stríðs í Frikirkjunni. Flytjendur eru stúlknaðorinn víðfrægi, Graduale Nobili, múm og Áróra kvartettinn sem flytur strengjakvartett no.8 eftir Schostakovitch.

Aðgangur er ókeypis en frjáls framlög renna óskert til fórnarlamba Palestínustríðsins.

Guðjón og Mary Ellen

Mikið er á seyði í Listasafni Reykjavíkur um helgina enda er þar opið alla daga þrátt fyrir hvítasunnu. Í kvöld kl. 20 verður í Hafnarhúsinu frumsýnd myndin GUDJON, ný heimildarmynd eftir Þorfinn Guðnason sem spannar yfir tvö ár í lífi Guðjóns Bjarnasonar myndlistarmanns, eins þeirra listamanna sem verk eiga á sýningunni MYND sem nú stendur þar yfir. Í myndinni fylgumst við með listsköpun og framavonum listamanns sem hyggur á landvinninga í útöndum. Þetta er vegamynd í tvennum skilningi: Ferðast verður með Guðjóni inn í íslenskan listaheim auk þess sem leikurinn berst víða um heim.

Einar Falur Ingólfsson, myndstjóri Morgunblaðsins, hefur kynnst lífi og starfi hins virta, bandaríska ljósmyndara Mary Ellen Mark öðrum betur. Hann bæði nam hjá henni og starfaði með henni um þriggja ára skeið. Á hvítasunnudag kl. 15 mun Einar Falur bjóða sýningargestum Kjarvalsstaða upp á leiðsögn um ljósmyndasýningu Mary Ellen, American Odyssey, sem nú stendur þar yfir. Sýningin er í samvinnu við Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Listahátíð í Reykjavík.



Mesta einkavæðing sögunnar

Bandarískur fræðimaður gerir úttekt á Íslandssögunni í The New York Review of Books

The New York Review of Books, eitt víðlesnasta og virtasta bókmenntatímarit heims, gerir það ekki endasleppt við íslensk fræði og bókmenntir. Skemmt er að minnst ítarlegrar greinar Brads Leithauser um Íslendingasögur, sem birtist um jólaeytið og var endursögð hér á síðunni 2. janúar sl. Í nýjasta hefti ritsins er löng grein eftir Jared Diamond sem hann nefnir Living on the Moon (Að búa á tunglinu) og byggir á Viking Age Iceland eftir bandaríska prófessorinn Jesse Byock og bók Gunnars Karlssonar sagnfræðings sem heitir The History of Iceland í Bandaríkjunum en Iceland's 1100 Years í Evrópu. Auk þess er undir hjá Diamond nýtt úrval Íslendingasagna sem Penguin gefur út, The Sagas of Icelanders: A Selection. Meðal sagna þar eru þær sem fjalla um ferðir norrænna manna til Ameríku.

Uppblástur mesti vandinn

Jared Diamond er kunnugur hérlendis og blandar í grein sinni saman upplýsingum úr sagnfræðiritunum tveimur og fróðleik sem hann hefur aflað sér á ferðum sínum. Til dæmis hefur hann mikinn áhuga á uppblæstri lands og getur þar vitnað í eigin reynslu:

„Í kjölfar landnáms eyddist um það bil 95% af skógi í landinu og um það bil helmingur gróins lands blés upp... Þegar ég fór um landið í fyrri- sumará eg á efan í æ dæmigert haglendi víkja skyndilega fyrir berum jarðvegi, um það bil feti lægri, og sáust skilin glöggt þar sem litill ber blettur hafði opnað vindinum leið undir grassvörðinn með þeim afleiðingum að stórar torfur flettust af. Þegar bandarískir geimfarar voru að búa sig undir að fara til tunglsins í

fyrsta sinn á 7. áratugnum og þurftu að efa sig af algerlega gróðursnaudu landi sem minnti á hnöttinn sem þeir voru að fara til, þá valdi NASA mánalandslag Íslands. Þar höfðu þó verið grænir hagar aðeins 1100 árum áður.“

Endursögn Diamond á Íslandssögunni er hnitmiðuð og til þess gerð að vekja áhuga landa hans. Hann byrjar á að segja frá fólksflutningum frá Noregi til Íslands og stofnun samfélags sem var engu öðru samfélagi líkt á jarðriki, og segir síðan: „Landnemarnir voru á móti ríkisvaldi og sú afstaða var studd nauðsyn sem spröttin var af fátækt. Vegna þessa hvors tveggja stunduðu þeir einkavæðingu stjórnarstofnana sem fór jafnvel fram úr villtustu draumum Ronalds Reagan. En það hafði líka í för með sér að samfélag þeirra hrundi og þeir glötuðu sjálfstæði sínu í sjö hundruð ár.“

Uppskrift að óreiðu

Ísland var líkt landinu sem flestir landnemarnir hurfu frá, Noregi, en þó var afdrifaríkur munur á. Í fyrsta lagi var loftslag kaldara á Íslandi og vaxtartími gróðurs styttri. Í öðru lagi voru eldgos tíð (Diamond kennir Heklu um Skaftárelda enda kannski stutt milli hennar og Lakagíga á amerískan mælikvarða). Mesti munurinn var þó á jarðvegi landanna tveggja, léttum öskukennndum jarðvegi Íslands og þungum leir- kennndum jarðvegi Noregs. Þetta samanlagt olli gróðureyðingu og uppblæstri sem stuðluðu að missi sjálfstæðis. Ekkert timbur var til í skip og öldum saman voru Íslendingar arðrændir af erlendum kaupmönnum. Erfitt var í hördum árum að heyja nóg til að entist skepnunum allan veturinn og þá horfelli dýr og menn. Fátækt var land-

læg og Ísland raunar eitt allra fátækasta land Evrópu lengi vel. „Allt það gull og silfur frá vikingatímanum sem fundist hefur á Íslandi kemst fyrir í einni fötu og er hreinasta litliræði miðað við hina miklu fjársjóði sem fundist hafa í gröf- um frá sama tíma annars staðar.“

EKKI ER DIAMOND hrifinn af íslenska þjóðveldinu sem honum finnst Íslendingar sjálfir dást of mikið að. Goðavaldið var uppskrift að kaos, segir hann, ekki síst möguleikinn að velja sér goða hvar sem menn bjuggu. Þetta endaði í upplausn og Noregskonungur tók völdin í landinu án þess að beita hervaldi. „Ég man ekki eftir öðru sjálfstæðu ríki sem hefur orðið svo örvinnað að það það um skjól annars ríkis.“

Lifandi fortíð

Þó Ísland sé nú bæði sjálfstætt ríki og auðugt hefur þessi forsaga enn þá mikil áhrif, og Diamond segir hrifinn frá því að hér sé sérstakt umhverfisráðuneyti sem hafi með það að gera að rækta landið og hafa hemil á fjárbúskap. Alls staðar annars staðar eiga fornleifafraeðingar erfitt með að fá peninga hjá stjórnvöldum til að komast að einhverju um fortíðina sem gæti kennt okkur eitthvað nýtilegt í nútímanum, segir hann, en þetta er ekki vandamál á Íslandi. „Þegar einn af vinum mínum gekk á fund íslenskra ráðamanna og byrjaði á sínum langa lestri til að rökstyðja þörfina á rannsókninni sem hann vildi gera þá var svarið: „Já, vitaskuld skiljum við að rannsóknir á uppblæstri til forna geta hjálpað okkur að skilja vandamálin í samtímanum. Þú þarft ekkert að sannfæra okkur um það. Hér eru aurar, farðu bara og byrjaðu!“